

**3355. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
10. október 2018 og hófst hann kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir varamaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Práinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1810051 - Fasteignaskattur á Akranesi**

Fasteignaskattur á Akranesi.

*Lagt fram.*

**2. 1809206 - þroskahjálp Húsbýggingasjóður - samningur um uppbyggingu**

Drög að samkomulagi við Landssamtökum þroskahjálp vegna úthlutunar á lóð að Beykiskóum 17, Akranesi. Samkomulagið felur í sér að Húsbýggingasjóður Landssamtakanna þroskahjálpar (Húsbýggingasjóður) mun sækja um og Akraneskaupstaður úthluta sjóðnum lóð að Beykiskóum 7 í því skyni að reisa þar leiguíbúðir ætlaðar fötluðu fólk, ásamt viðbótarrými vegna fötlunar íbúa. Velferðar- og mannréttindaráð hefur tekið málið til umfjöllunar á fundum sínum og vísar drögum að samkomulagi til bæjarráðs.

*Lagt fram. Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar bæjarráðs en umsóknarfrestur um stofnframlög til Íbúðarlánasjóðs rennur út í lok október nk.*

**3. 1810116 - Samningur um þjónustu trúnaðarlæknis**

Tillaga um samning um þjónustu trúnaðarlæknis fyrir Akraneskaupstað.

*Bæjarráð samþykkir að gengið verði til samninga um þjónustu trúnaðarlæknis. Viðbótarkostnaði vegna ársins 2018 verður mætt af liðnum 20830-4990.*

*Bæjarráð samþykkir að gert verði ráð fyrir kostnaði vegna þessarar þjónustu í fjárhagsáætlun 2019.*

**4. 1809163 - One system í stofnanir Akraneskaupstaðar**

Tillaga um kaup á skjalakerfl í stofnanir Akraneskaupstaðar.

*Bæjarráð samþykkir að í fjárhagsáætlun vegna 2019 verði gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna nauðsynlegrar uppsetningar á ONE - málakerfinu í stofnunum Akraneskaupstaðar.*

*Gerð verði innleiðingaráætlun og tímaáætlun með hliðsjón af þörf og ráðstafað verður fjármagni til samræmis við það.*

**5. 1809003 - Baugalundur 1 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Jóns Viðarssonar og Viðars Jónsson um byggingarlóð við Baugalund 1.  
Umsóknargjald hefur verið greitt og er því umsókn tæk til afgreiðslu.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar til umsækjenda.*

**6. 1807034 - Styrkir til atvinnutengdra verkefna 2018**

Tillaga bæjarstjóra um styrki til atvinnutengdra verkefna.

*Bæjarráð þakkar þeim sex aðilum sem sóttu um styrk.*

*Bæjarráð samþykkir styrkveitingu til verkefnisins SIF Travel að fjárhæð kr. 500.000 en öðrum umsóknum er hafnað að þessu sinni.*

**7. 1809174 - Málsmeðferðarreglur vegna styrkumsókna**

Uppfærðar málsmeðferðarreglur vegna styrkumsókna um íþróttá- og menningarstyrki voru samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 2. október og í menningar- og safnanefnd þann 8. október síðastliðinn. Reglunum er vísað til samþykktar í bæjarráði.

*Bæjarráð samþykkir málsmeðferðarreglur vegna umsókna um íþróttá- og menningarstyrki og vísar reglunum til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.*

**8. 1809053 - Menningarverðlaun Akraness 2018**

Tillaga menningar- og safnanefndar um menningarverðlaun Akraness 2018.

*Bæjarráð samþykkir fyrilliggjandi tillögu menninga- og safnanefndar um menningarverðlaun Akraness 2018.*

**9. 1810099 - Umsókn um rekstrarstyrk fyrir árið 2019**

Umsókn Kvennaathvarfsins um rekstrarstyrk fyrir árið 2019.

*Bæjarráð samþykkir að veita kvennaathvarfinu styrk að fjárhæð kr. 300.000 á árinu 2019.*

**10. 1810129 - Styrkur við KFÍA**

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri víkur af fundi undir þessum lið.

Bæjarfulltrúi RÓ óskar eftir að tekið verði á dagskrá fundarins mál er varðar styrkveitingu til KFÍA vegna árangurs meistaraflokks og annars flokks karla á Íslandsmóti í knattspyrnu 2018.

Samþykkt 3:0.

*Samþykkt tillaga RÓ um að Akraneskaupstaður veiti KFÍA 1,0 mkr. í styrk vegna árangurs meistaraflokks og annars flokks KFÍA á nýafstöðnu Íslandsmóti í knattspyrnu.*

*Bæjarráð óskar KFÍA innilega til hamingju með árangurinn á árinu.*

*Kostnaðinum verður mætt af liðnum 20830-4990.*

EFT/SFP

**11. 1810130 - Forvarnarstarf - minningarsjóður Einars Darra - ég á bara eitt líf**

Bæjarfulltrúi RÓ óskar eftir að tekið verði á dagskrá fundarins mál er varðar forvarnarstarf minningarsjóðs Einars Darra

Samþykkt 3:0.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að hefja viðræður við forsvarsmenn Minningarsjóðs Einars Darra - Ég á bara eitt líf um forvarnarstarf á Akranesi.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:40.

*Elsa Lára Arnardóttir  
Gestur Jóhanna Jóhannsdóttir  
Rakel Óskundóttir  
Sæm Freyr Þráinsson*